

II. YFIRLITSUPPDRÁTTUR SKILGREINDRA HINDRANASVÆÐA



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

SKÝRINGAR /SKILMÁLAR

C. Svæði með hæðartakmörkunum (hindranafletir):

Á uppráttum II. og III. er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarinn sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifsvæði flugvallarinn. Með áhrifsvæði flugvallarinn og nágrenni flugvallarinn er átt við svæði undir hindranafötum. Byggja hindranafletirnir þessir og skilgreiningar þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarinn sem gerð er grein fyrir á uppráttum II. og III. nema að fengnu samþykki Flugmálastjórnar Íslands að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarinn.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarinn sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Flugmálastjórnar með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tilagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðalupprættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallarinn getur óskað eftir sérstökum áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðila flugvallarinn heimilt að afgreiða málið án aðkomu Flugmálastjórnar. Flugmálastjórn skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallarinn umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotit slíki afgreiðslu til ákvörðunar Flugmálastjórnar.

Þar sem land stendur nú þegar upp úr láréttum- og keiluhindranafleti er, þrátt fyrir framangreint, heimilt að gera ráð fyrir og reisa byggingar með hámarksþéð allt að 18m upp fyrir óhreyft land. Ef hæð lóðar er mismunandi skal miðað við óhreyft land í hæsta punkti lóðar. Gert er ráð fyrir að slík - ar byggingar séu hindranalýstar. Séu fleiri en ein bygging sem þannig hættar til um á sama svæði skal hæsta bygging á svæðinu vera með hindranalýsingu. Flugmálastjórn getur krafist lýsingar á fleiri byggingar leiðir staðsetningu þeirra varaða flugöryggi. Þegar svæði sem þessi eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi á slíkum svæðum án þess að fyrir liggja skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal þó ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarinn. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarinn neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Flugmálastjórnar.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

**Aðflugsfletir:**  
 Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarinn er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur fletur sem nær 8.000 m. Samtals er fleturinn 15.000 m langur.

**Flugtaksfletir:**  
 Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarinn er 15.000 m. Halli flatarinn er 2,0 % (1:50)

**Skálfletir:**  
 Liggja út frá öryggissvæðum til hlóðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að láréttafletinum

**Lárétt svæði:**  
 Svæði 47,18 m.y.s. sem nær í 4.000 m radius út frá brautarendum og til hlóðar við flugbrautir.

**Keilufletir:**  
 Hallandi fletur, 5% (1:20), upp frá útrún lárétt svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.

Land uppúr hindranafleti

Reglur þessa voru auglýstar til kynningar og samhlöða athugasemdafresti frá

\_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ 2011.

Innanríkisráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann

\_\_\_\_\_ 2011.

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögbingingablaðinu þann

\_\_\_\_\_ 2011 og ódúðust þær gildi þann dag.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTTID

LANDSLÖG | arkitektur.is

